

Fimmtudaginn 27. janúar 1994.

Nr. 406/1991.

Hörður Már Harðarson

(Steingrímur Þormóðsson hdl.)

gegn

Ágústi Garðarssyni

(Othar Örn Petersen hrl.)

Lausafjárkaup. Galli. Afsláttur. Sönnun. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. október 1991. Hann krefst þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Hinn 28. maí 1990 seldi áfrýjandi stefnda bifreið, Honda Prelude, árgerð 1985, sem ekið hafði verið um 68.000 km. Kaupverð var 560.000 krónur, og var það reitt fram við kaupin. Stefndi kveðst skömmu síðar hafa orðið var við torkennileg hljóð í bifreiðinni, og hafi komið í ljós, að tannhjól í sjálfskiptingu hennar voru ónýt. 11. júní 1990 var bifreiðin flutt í togi frá heimili stefnda að Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur sf. við Síðumúla 12 í Reykjavík, þar sem viðgerð fór fram og skipt var um fjögur tannhjól í sjálfskiptingunni.

Af gögnum málsins má ráða, að orsakir slíkra skemmda í tannhjólum sjálfskiptingar, sem hér um ræðir, myndist við það, að bifreið er ekki stöðvuð til fulls, áður en skipt er úr bakgír í framgír eða öfugt. Við aðalmeðferð málsins í héraði 27. júní 1991 voru lögð fram fjögur tannhjól, sem þá var ekki ágreiningur um, að væru úr bifreið stefnda. Ingólfur Aðalsteinsson, bifvélavirki hjá véla- og bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar í Kópavogi, þar sem einnig fara fram viðgerðir sjálfskiptinga í Hondabifreiðum, kom fyrir dóm og lýsti viðhorfi sínu til skemmda á tannhjólunum. Hann sagði, að þær hefðu getað orsakast af einu handtaki eða á löngum tíma. Hann kvað ekkert unnt að fullyrða um þetta og sagði: „... það er möguleiki að þetta gæti hafa skeð á 3 – 5 dögum“.

Það er ósannað, að stefndi hafi látið áfrýjanda vita um hina umræddu bilun fyrr en með símskeyti 13. júní 1990, tveimur dögum eftir að bifreiðin var færð til viðgerðar. Áfrýjandi átti þess því ekki kost að vera viðstaddur, er tannhjólin voru tekin úr sjálfskiptingunni. Stefndi hlutaðist ekki til um að fá dómkvadda matsmenn í því skyni að tryggja sönnunarstöðu sína. Sá viðgerðarmaður, sem tók tannhjólin úr sjálfskiptingunni og annaðist viðgerð hennar, var ekki kvaddur fyrir dóm.

Eins og mál þetta er úr garði gert, verður stefndi að bera halla af skorti á sönnun um það, að ástand sjálfskiptingar bifreiðarinnar hafi verið slíkt, sem hann heldur fram, þegar hann keypti hana. Ber því að sýkna áfrýjanda af öllum kröfum stefnda.

Áfrýjandi skal greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Það athugast, að rétt hefði verið að kveðja sérfróða meðdómendur til setu í héraðsdómi, sbr. 1. mgr. 37. gr. A þágildandi laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

D ó m s o r ð :

Áfrýjandi, Hörður Már Harðarson, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Ágústs Garðarssonar.

Stefndi skal greiða áfrýjanda 100.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. júlí 1991.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 27. f.m., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, þingfestri 27. september 1990.

Stefnandi er Ágúst Garðarsson, Álmholti 7, Mosfellsbæ.

Stefndi er Hörður Már Harðarson, Hnjúkaseli 8, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 62.576,00 með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá 1. 7. 1990 til greiðsludags og málskostnað ásamt dráttarvöxtum frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þeir, að stefnandi keypti bifreiðina R-44570, sem er Honda Prelude, árgerð 1985, af stefnda hinn 28. maí 1990 fyrir kr. 560.000, sem greiddar voru út í hönd. Bifreiðinni hafði þá verið ekið um 68.000 km.

Tveimur dögum eftir kaupin tók stefnandi eftir óhljóðum í bifreiðinni sem ekki höfðu heyrst er hann skoðaði bifreiðina og prófaði hana. Hinn 31. maí leitaði stefnandi til tveggja bifreiðaverkstæða til þess að ganga úr skugga um hvað væri að bílnum. Í ljós kom að tannhjól í sjálfskiptingu voru skemmd. Stefnanda var og tjáð, að óhljóðin heyrðust aðeins, þegar bíllinn væri kaldur, en færu, þegar búið væri að aka bílnum um nokkra stund. Ástæða þess, að tannhjólin voru ónýt, var sögð sú, að skipt hafði verið úr afturábak-gír í áfram-gír án þess að stöðva bíllinn fullkomlega. Einnig var sagt að skemmd af þessu tagi væri algeng og myndist á nokkrum tíma en ekki snögglega. Stefndi lét gera við bifreiðina, og var skipt um 4 tannhjól í sjálfskiptingunni á Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur, og var viðgerðarkostnaður kr. 60.126,00, flutningskostnaður kr. 2.450,00, samtals kr. 62.576,00.

Stefnandi byggir kröfu sína á því að stefnda hafi verið kunnugt um þessa bilun í bílnum en ekki látið hann vita af henni við sölu, enda þótt ljóst væri að stefnandi gæti ekki orðið hennar var þar sem bíllinn var heitur er hann var skoðaður. Parna sé um saknæma háttsemi stefnda að ræða og sé hann því bótaábyrgur fyrir tjóni stefnanda.

Verði ekki fallist á að um sök hafi verið að ræða, sé á því byggt, að hinn leyndi galli hafi rýrt verðmæti bílsins miðað við kaupverðið, sem hafi miðast við heila sjálfskiptingu, og beri honum því afsláttur sem nemi útlögðum kostnaði við viðgerð og flutning.

Stefnandi vísar í skýrslu vitnisins Rúnars Vigfússonar, sem hafi unnið með stefnda og heyrst urg og slík óhljóð í bifreiðinni þegar henni var ekið út af bílastæði, spurt stefnda um hljóðið, sem hafi sagt að þetta væri vegna mengunarþúnaðar.

Stefnandi vísar og í skýrslu vitnisins Magnúsar Geirs Pálssonar, þjónustuforstjóra hjá Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur. Hann hafi lýst hljóðinu sem „skralli“ í skiptingunni, sem aðeins heyrst þegar bíllinn er kaldur. Honda-sjálfskiptingin sé viðkvæm, og þessi skemmd verði oft um vetur, þegar ekið sé í snjó. Vitnið Ingólfur Aðalsteinsson, bifvélavirki hjá bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar, hafi einnig borið, að þetta væri algeng skemmd og að viðgerðarreikningur í málinu væri eðlilegur. Þeir hjá verkstæðinu ráðleggi viðgerð í slíku tilfelli, en unnt sé að aka bifreiðinni áfram þar til hún stöðvast.

Stefndi segir stefnanda hafa gengið á eftir sér í lengri tíma til að fá bifreiðina keypta, en hann hafi verið tregur til að selja. Hann hafi þó að lokum látið tilleiðast í maí 1990. Hann kveðst aldrei hafa orðið var við galla þann sem stefnandi fullyrðir að hafi hrjáð bíllinn, enda hafi bíllinn verið í „topp“-standi og seldur sem slíkur. Fullyrðir stefndi, að gallinn hafi ekki

verið til staðar þegar kaup voru gerð og hafi því komið til þegar bifreiðin var í eigu stefnanda. Stefndi hafi ekki verið látinn vita um viðgerðina og ekki fengið að koma nokkrum sjónarmiðum að við viðgerðarmanninn áður en hann kvað upp álit sitt. Stefnandi hafi ekki fengið dómkvadda matsmenn eða látið fara fram mat á tjóninu og verði kröfur hans því ekki teknar til greina. Stefndi mótmælir sérstaklega yfirlýsingu Magnúsar G. Pálssonar, sem lögð hafi verið fram í málinu, þar sem í ljós sé leitt að hún hafi verið samin af föður stefnanda.

Niðurstaða.

Með framburði vitnanna Magnúsar G. Pálssonar og Ingólfs Aðalsteinsonar, sem sérfróðir eru um bilun þá sem í ljós kom í bifreiðinni, verður að telja upplýst að bilun þessi sé algeng og að hún komi fremur á lengri tíma en skyndilega. Bifreiðin var sex ára gömul, þegar kaup voru gerð, og hafði verið ekið 68.000 km. Yfirgnæfandi líkur verða því taldar á því að umræddur galli hafi verið í sjálfskiptingunni þegar kaup voru gerð.

Hvorki er sannað að áskilið hafi verið að girkassinn væri í fullkomnu lagi né að stefndi hafi með sviksamlegum hætti leynt gallanum, og verður skaðabótakrafa stefnanda því ekki tekin til greina. Telja verður að í kaupunum hafi stefnandi mátt reikna með að sjálfskiptingin væri í lagi, og verður því talið að hann eigi rétt á afslætti, sbr. 1. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1922, og telst afsláttur hæfilegur kr. 40.000. Verður stefnda gert að greiða þá fjárhæð með dráttarvöxtum frá 1. júní 1991 og málskostnað, sem ákveðst kr. 42.000 ásamt vöxtum.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Hörður Már Harðarson, greiði stefnanda, Ágústi Garðarsyni, kr. 40.000 með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá 1. júní 1991 til greiðsludags og kr. 42.000 í málskostnað, er beri dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.